

Skýrsla
um skógræktina á Hallormsstað árið 1952.

Skógurinn. Skógarhögg fór fram á þessum skógarteigum:

Vörðuhrauni bæði ofan og neðan þjóðvegur. Vará þessu svæði höggvið með það fyrir augum að þar yrðu gróðursettar barrtrjátegundir á næstunni. Grisjun var því svo mikil að væntanlegum barrtrjám gefist svo mikil birta að þeim nægði fyrst í stað. Þessi grisjun er því fræmur ruðningur sem nálgast fremur berhögg, enað vera venjuleg grisjun, þars sem aðeins er tekið tillit til vaxtarrýmis birkitrjáanna. Hve mörg tré að jafnaði eru eftir skilin á ha. hverjum, hefur eigi verið gerð athugun á, en óhætt er að giska á að 45% af tólu trjáanna falli við slíka rýmingu, jafnvel þar sem áður var búið að grisja nokkuð.

Hafin var skipting skógarins í spildur og göng eða brautir lagðar út og fram og upp og ofan eða langs og þvers um skóginn. Breidd þessara brauta er 2½ til 3 metrar, þar sem þær eru lagðar með tilliti til þess að bifreiðar og dráttarvélar geti farið fram og aftur með mökkuðri lagfæringu, mestu ójöfnur verða teknar af með jarðýtu, lækir og torfærur brúaðar, þegar fært þykir kostnaðar vegna. Öru göngin sumstæðar lögð með tilliti til uafærðar um skóginn og spildurnar, sem þær afmarka því misstórar.

Sigurður Blöndal hefur unnið að þessari framkvæmd með einn mann sér til aðstoðar. Hofur hann lokið þessu verki að mestu í suðurskóginum eða frá Kerlingará að Jökullæk.

Víðarhöggið var sem greint er hér á eftir. Girðingarstaurar voru eftir liggjandi í skóginum í fyrra, en nú um þessi áramót telst ekkert liggjandi af þeim

Skógarteigar	Eldiviður v hestb.	Efniviður stk	kg.
Vörðuhraun	160.00		
Lv. m. Atlavíkur og Kerlingarár.	272.00	220	
" " Kerlingarár og Staðarár.	68.00		
Parturinn	41.00		90
Alls.	541.00	220	90

Viður sá er felldur var, þegar brautirnar voru höggnar, er áætlaður, með því að mikið af honum liggur í skóginum nú um áramótin.

Sala skógarafurða: Eins og skýrslan um skógarhögg og viðarsölu sýnir var selt á árinu : Efniviður 780 stk, og 80 kg. Eldiviður 35100 kg. Girðingarstaurar voru selðir á 8.00 kr hver og hver 100 kg eldiviðar á 20 kr. Viðarmagnið var svipað og árið 1951.

Kol hafa nú fallið í verði. Það má búast við, ef verðfallið á þeim heldur áfram, verði að lækka verð á viðnum. Annars hef ég ekki komist eftir því hjá bændum, að þeim þætti verðið of hátt.

Maðkur í skóginum. var allmikill í sumar, þannig að skógurinn var á köflum dökkur tilskyndar, en er á leið sumarið fékk skógurinn grænan lit. Maðkurinn var meiri í suðurskóginum og hefur svo verið undanferið í slænum maðkasumrum. Hin þurra tíð, sem var í sumar, virðist hagstæð fyrir hann. Maðkurinn braust út í hlýindadögum snemma í júlí, en í ágúst fór skógurinn að ná sér.

Frævöxtur. Um fræ á birkinu var ekki að ræða, er nú orðið langt um liðið, að frævöxtur hafi verið svo nokkru nemi. Eru það nokkur vonbrygði, því að milli 1910 og 1917 svo og milli 1920 og 1930 var frævöxtur góður í mörg sumur. Á reynivið var lítið af þroskuðum berjum. Á þarrtrjám var aðeins fræ á lerki og þó lítið og dálítið á þínus arístatað.

Berjavöxtur var lífyll. Þó var dálítið um bláber og krækibær, en hrútabær þroskuðust ekki.

Laufgunartími og laufföll. Skógurinn laufgæðist 14 júní, en lauffall féll á dagana 3-13 október. Það má því telja að vaxtartími birkisins í ár hafi verið 225 dagar.

Vöxtur barrtrjáa í skóginum.

I. Mörkin.

Blágreni. Aldur 16 ár. Ársvöxtur mældur í einni röð í cm.
10-13-11-10-9-9-5-4-3-13-13-12-17-3-12-5-14-8-7-18-14-18-9-10-
11-9-10-13-9-10-9-5-7-11-8-. Hæsta tré 2.06 m.

Fjallagreni (*Abies laciocarpa*). Aldur 16 ár. Ársvöxtur
mældur í einni röð í cm. 14-19-8-3-3-10-4-8-10-12-11-11-11-13-.
Hæsta tré 1.90 m.

Sitkagreni. Aldur 15 ár. Ársvöxtur mældur í einni röð í cm.
11-4- 15-16-11-31-12-8-4-12-4-5-9-3-16-14-12-10-11-9-18-10-11-
7-17-11-10-6-9-7-6-9-. Lengsti ársvöxtur 28 cm. Hæsta tré 1.86 m.

Lerki (*L.sibirica*). Aldur 30 ár 20-30 cm ársvöxtur.

Blágreni. Aldur 46 ár. 40 cm ársvöxtur.

Hauðgreni. Aldur ca 30 ár. 10-30 cm ársvöxtur.

2. Atlavík.

Skógarfura. Aldur 11 ár. Mældur ársvöxtur í einni röð
í cm. 13-21-18-24-9-27-10-11-24-15-22-23-19-20-21-18-9-21-14-
8-24-15-26-17-15-19-16-25-10-13-8-. Hæsta tré 1.90 m.

Contortafura (*P.contorta* var *latifolia*). Aldur 12 ár.
Mældur ársvöxtur í einni röð í cm. 16-20-27-22-31-17-22-21-26-30-22-
7-16-22-14-25-19-17-26-20-23-13-15-21-19-20-14-18-10- cm.
Hæsta tré 2.13 m.

Douglasgreni. Aldur 12 ár. Mældur ársvöxtur í einni röð
í cm. 2-9-9-13-15-8-13-12-12-16-6-11-7-6-12-8-5-3- cm. Hæsta
tré 1.73 m. Lengstur ársvöxtur 28 cm.

Hvítgreni. Aldur 12 ár. Ársvöxtur mældur í einni röð í
cm. 18-13-15-9-14-18-18-16-18-14-5-17-14-10-10-12-9-17-13-8-
12-16 cm. Hæsta tré 1.91 m.

Lerki. (*L.sibirica*) frá Arkangelsk. Aldur 15 ár. Ársvöxtur
20-40 cm.

3. Við Jökullæk.

Lerki (*L.sibirica*) frá Arkangelsk. Aldur 13-15 ár.

Lerkiteiginn mældi Sigurður skógfræðingur Blöndal í ágúst sl. og hefur gert skýrslu um mælingarnar, skal getið nokkra atriða úr skýrslunni.

Flatarmál þessa lerkisvæða er 63 Ha eða 0.63 ha. Gerðar voru nákvæmar mælingar á rannsóknarfletinum. Er aldur trjáanna talinn 13 ár, því þessi hluti var gróðursettur vorið 1939. Mun hæðarvöxtur ársins hafa verið um garð gengin er mælingar fóru fram. Niðurstöðutölur skýrslunnar eru á þessa leið. Tala trjáanna 499. Meðalþvermál 5.38 cm. Meðalhæð 4.51 m. Hæsta tré 6.20 m. Lágsta tré 3.00 m. Viðarmagn á dekar 3.796 rúmmetrar. Meðalvöxtur 0.292 rúmmetrar. á dekar, eða viðarmagn á ha 3796 rúmm. Skýrslan telur að felld hafi verið 60 tré. Viðarmagn þeirra 0.203 rúmm. Samanlagt viðarmagn eftir 13 ár 3.998 rúmm. Meðal viðarauki á ári 0.308 rúmm. Á ha ca, 40 rúmm, og árlegur vöxtur ca 3 rúmm.

Sigurður telur að neðri hluti svæðisins muni sýna meiri vöxt, en þar hafa ekki farið fram mælingar, nema á hæð stöku trjáa. Nokkur hluti þess er ómældur er mun sýna meira viðarmagn, en neðri hluti lakari vöxt, svo það er vafasamt að tilgáta sú er nefnd var sýnist rétt. En um það verður ekki fullyrt.

Ársvöxtur s.l. sunar (1952) sýnir þessa niðurstöðu af mælingum á 10 trjám með mismunandi árssprotahlengd.

4. Framan við Krókkleik.

Blágreini og Engelmansgreini. Aldur 16 ár. Ársvöxtur mældur í einni röð í cm. 13-13-11-17-16-15-14-17-15-16-4-35-8-10-20-18-15-16-12-17-12-5 -15-8-10-12-8-. Hæsta tré 3.55 m. Næst hæsta 2.22 m.

5. Í lýsishól (neðan við Háaklett)

Sitkagreini. Aldur 5 ár. Ársvöxtur mældur í einni röð í cm. 7-7-8-7-13-5-12-17-5-8-8-10-9-15-13-5-6-. Hæsta einstaklingur 60 cm. Þænturnar voru allstórar, þegar þær voru gróðursettar. Höfðu verið fluttar tvisvar í gróðurreitnum og aldur 7 ár frá sáningu. Sama tegund. Aldur 2 ár. Ársvöxtur frá 0-6 cm.

Sama teg. Aldur 1 ár. Ársvöxtur 0-5 cm.

Grisjun ungbirkis.

Sigurður Blöndal afmarkaði ca 4 da í skógunum milli Dfáss og Borgargeiðisáss, grisjaði 3/4 hluta eða 3 da. Vakir fyrir honum að afla vitneskju um hvern áhrif mismunandi grisjunars stirkleiká hefur á vöxt birkisins, þegar það er grisjað á unga aldri. Mun Sigurður gefa skýrslu um þessa framkvæmd ásamt öðru sem hann hefur unnið við sumar leið.

Girðingar. Á skógargirðingunni urðu engar stótfelldar bilanir, en samt þurfti talsverðu að kosta til við lagfæringar á vír og staurum. Pípublíðið hjá Hafursá bilaði er á leið sumar. Undirstöður eða bilanir undir járngrindinni voru ornir fúnir ofan til. Pípur höfðu losnað og fara þurfti með pípur og grind á verkstæði til viðgerðar. Nú er hliðið vel upp gert, að minnsta kosti í bráðina.

Vírnetið í skógargirðingunni er farið að verða lélegt, einkumm á Bjarginu, en það er 2,6 km sem um er að ræða þar. Hinn hluti vírnersgirðingarinnar sunnan við skóginn er um 1.6 km og samtals verður það 4,2 km sem endurnýja þarf á næstunni. Gaddavírsgirðingin er ekki eins úr sér gengin, því vírinn var endurnýjaður að nokkrum hluta fyrir fáum árum. Girðingin frá Kerlingará að Þverbjargi liggur einatt undir snjóþunga og er því kostnaðarsamari í viðhaldi en línurnar sem liggja beint á hallan, eða línurnar að sunnan og norðan. Frá Fljóti að Hálshlíði. Frá Selkletti upp að Kerlingará. Eru þetta þeir hlutar er minna viðhald þurfa. Hinsvegar er línan frá Kerlingará að Hálshlíði súalma er mest þarf viðhald og þyrfti því að vera öflugri, með sterkari og þéttari staurum. Að vísu eru staurar orðnir þéttir, en þeir eru flestir ekki öflugir og þurfa því endurnýjunar með árabili, þar sem þeir eru flestir úr birki. Um það er þó varla að sakast ef vír væri góður, eða net þar sem það er. Það er því meiri nauðsín að endurnýja vír og net, en staura.

Hita og úrkomumælingar og veðurfar:

Í desember 1951 voru hér talsverðar snjóalög. Svo var yfirleitt á Héraði. Í janúar 1952 var snjólétt, en rigndi talsvert. En eftir að janúar lauk var úrfelli mjög lífið. Ímánuðunum

febrúar, marz og apríl var úrfelli samtals aðeins 110 m.m. Verurinn var í heild snjóléttur. Frost voru lítil. Frost komst aldrei yfir 15 gráður C, en það steig hæst 27 marz. Lagarfljót var þó undir ís dálítinn tíma og farið eftir því nokkra daga fyrri partinn í marz. Hinsvegar voraði seint. Apríl var mjög svalur. Gróður kom ekki fyrr en seint í maí. Eftir nokkra góða daga upp úr miðjum maí, gerði kulda mikla, er héldust nær óslitið fram í júlímánuð. Maí og þó einkum júní voru óvenju kaldir. Júní sá kaldasti sem komið hefur um langt árabli. Meðalhitinn hér í júní var aðeins 5.7 gráður, en ogt er eins hlýtt í maí og jafnvel hærrí meðalhiti þá í meðalári. Júlí og ágúst voru einnig fyrir neðan meðallag að hlýindum, enda reyndist meðalhiti sumarsins aðeins 7.9 gráður, er það 3.1 gráðu minna en í bestu sumrum hér. Úrfelli var mjög lítið í sumarmánuðunum. Sumarið var því hæð kalt og þurrt. Í október rigndi töluvert, en í nóvember mjög lítið. Einnig í desember var úrfelli miklu minna en oft er hér. Ársúrcoma reyndist 550 m.m. - Veðráttan var stormasöm á köflum. Hvassviðri mikið gerði í apríl. Féll þá grenitré í gróðrabræstóðinni, brotnaði um áverka á stofninum eftir grein sem rifnaði, hafði en sárið var ekki gróíð. Var þetta tré eitt af þeim fagurgrenitrjám um 40 ára gamalt 6-7 m á hæð. Var talsverð eftirsjá að því. Þau tvö er eftir standa er þó falleg. Þá féllu og í júní nokkur birkitré, eða rifnuðu upp með rótum og tveir hávaxnir birkirunnar í skógarjabinum við Lagarfljót. Voru þeir margstofna og rifnuðu upp með rótum. Hefur slíkt eigi við borið hér í skóginum síðustu 40-45 árin.

Um áhrifin sem þetta tíðarfar hafði á gróðurinn er síðar í skýrslunni að vikið.

Haustið var milt og úrfelli lítið sem fyrr segir. Vegir voru bílfærir fram um áramótin, jafnvel á fjallvegum. Rétt fyrir jól gerði þó áfelli en stóð stutt og um nýjár voru vegir aftur bílfærir í óbyggðum hér á Héraði.

Haustið hefur að nokkru bætt uðð hið kalda sumar og búið trén vel undir veturinn.

Hita og úrkomu í hverjum mánuði sýna eftirfarandi tölur:

	Hiti C.	Úrkoma m.m.
Janúar	+ 2.5 "	139.9 " "
Febrúar	+ 0.7 "	42.7 " "
Marz.	0.8 "	35.8 " "

	Hiti C.	Úrkoma m.m.
Apríl	2.6 "	31.8 " "
Mai	4.7 "	12.3 " "
Júní	5.9 "	9.9 " "
Júlí	10.0 "	15.0 " "
Ágúst	8.5 "	23.7 " "
September	6.8 "	18.2 " "
Október	5.6 "	123.1 " "
Nóvember	1.0 "	12.4 " "
Desember	+ 0.2 "	91.6 " "
		556.6 "

Meðalhiti smars var 7.9 gráður.

" Ársins " 3.6 "

Mestur hiti mældist 23 júní 25 gráður.

Minnstur hiti mældist 27 marz + 15.0 gráður.

Síðasta frost á júninu var 3. júní + 0.8 gráður.

Fyrsta frost að haustinu 29 ágúst + 2.0 gráður.

Dagar með 20 gráður C. og þar yfir voru:

Í júlí 4 dagar,

Í sept 2 "

Alls 6 dagar.

Græðireiturinn:

Sáð var þessum tegundum og magni:

Lauftré:

Birki	6.600 kg	Úr Bæjarstaðarskógi og nágrenni.
do	2.400 "	Frá Rognan Noregi.
do	1.000 "	Alaska Loey mountain.

Barrtré:

Lerki (L. siberica)	1.000 kg	Frá Raivola í Finnlandi.
Skógarfura	2.000 "	" Hamaröy í N.Moregi.
Hvítgreni	1.700 "	Alaska Falkriver.
do	0.220 "	" " Glennallen.
do	0.100 "	" " Fok Junkton.
do	0.050 "	Sama stað.
do	0.030 "	" Bay.
do	0.500 "	" (Leifar frá f.á.)

Sitkagreni	5.700 kg	Frá Mac Lood.
do	5.300 -	- sama stað
do	0.600 -	- Leward.
Sitka og Hvítgr.	<u>3.800 -</u>	- Larvin.
Sitkagreni	<u>0.500 -</u>	Leifar frá f.á.
Raubgreni.	33.5000-	Noregi Vofni Gruja.

Raubgrenifræið er í birgðum um áramót, með því að það kom svo seint, að ekki þótti tiltækilegt að sá því. Reynifræið sem safnað var hér er og í birgðum um áramót. Fræið varð svo síðprosa í haust að ekki vannst tími til að sá því áður en frost komu. Safnað var um 35 kg af ópurrukuðum berjum. Eitthvað dálítið er til af lerkikönglum frá haustinu og könglum af Brokkfuru (Pinus aristata).

Flatarmál fræbeða.

Birkis	Sitkagrenis
Lerkis	Hvitgrenis
Skógarfuru	Sitkagr og Hvítgr.

Dreyfsetning.

I Lauftré:

Birki	2/0	55.000 stk.		
do	2/2	<u>15.000 -</u>	=	70.200
Reynir	2/0	3.000 -		
do	2/1	<u>5.000 -</u>	=	<u>9.000</u> = 79.200 stk.

2 Barrtré:

Lerki	2/0		=	59.800
Skógarfura	3/0		=	5.000
Raubgreni	2/0	76.575		
do	3/0	<u>9.025</u>	=	<u>85.600</u> = 150.400
Ribs				450

Alls: 230.050 stk.

3 Græbllingar settir niður:

Ribs	4.000 stk.
Þíngvíðir	10.000 -
Gulvíðir	2.000 -
Gagurvíðir	700 -
Heggur	500 -
Alaskaösp	400 -
<u>Alls:</u>	<u>17.600 stk</u>

Sala og afhending plantna úr græðireitnum haustið 1951,
og vorid 1952.

I. Til Skógræktar ríkisins Reykjavík.

Lauftré:	Garðplöntur.	Skógarplöntur.
Björk 2/2	15.000	36.500
Reynir 2/2	9.700	
Þíngvíðir 2/0	650	
do 1/0	1.400	
Gulvíðir 1/0	450	
		= 63.650
Barrtré:		
Lerki (Arkangelsk)		3.000
do (Hakaskoja)		2.400
Sitkagreni		3.700 = 9.100
Alls:	27.150	45.600 72.750

2. Til Skógræktarfélags Austurlands:

Lauftré	Garðplöntur.	Skógarplöntur.
Björk 2/2	822	3.170
Reynir 2/2	808	
Þíngvíðir 2/0	84	
do 1/0	455	
Gulvíðir 1/0	88	
Ribs	118	
Alaskaösp	27	
Heggur	2	
Silfurreynir	2	
		= 5.376 st
Barrtré:	Garðpl.	Skógarpl.
Lerki 2/2	471	50
Sitkagreni 2/2	1.372	2.590
Rauðgreni 3/0	96	340
Skógarfura 3/0	340	6.260
Hvítgreni	18	
		= 11.573
Alls:	4.503	12.410 16.913 stk

3. Plöntur ókeypis:

Til Eibarskóla: Skógarfura 1000 stk.

- Vigfusar G. Þormars:

Lerki	125.	
Skógarfura	125.	= 250 stk
		<u>1250 stk.</u>

4. Plantað í skóginum:

Lerki	6000 stk frá Arkangelsk.	Plantað fr.v. Kerlingará og Króklæl ofan þjóðvegara
Blágreini	1000 - -	Hallormsstað Plantað fr.v. Kerlingará neðan þjóðvegara.
Svartgr 3/3	1000 - -	Kerlingará. Plantað framan við Kerlingará neðan þjóðvegara.
Sitkagr. 3/2	800 - -	sama stað. Plantap í Lýsisgól. Pakenham.
Hvítgreini	2000 - -	sama stað. - framan við Króklæk.
Rauðgreini	1500 - -	Noregi - - - - - og framan við Atlavík og Vörðuhraun.

Skógarf. 3/0 8000 - - Troms indh. Plantað ofan v. Gatnaskóg.

Alls: 20,300 plöntur.

Samandregin plöntutala verður:

1. Sent Skógrækt ríkisins Reykjavík	72.750 stk.
2. Afhent Skógræktarfélagi Austurlands	16.913 -
3. Afhent Eibarskóla	1.000 -
4. Afhent Vigfúsi G. Þormar	250 -
5. Plantað í skóginum	20.300 -

Alls: 111,213 plöntur.

Framangreind plöntutala skiftist þannig eftir tegundum og í garð- og skógarplöntur:

Lauftré:	Garðplöntur.	Skógarplöntur.	
Birki	18.992	36.500	= 55.492 stk.
Reynir	10.508		= 10.508 -
Þíngvíðir	2.339		2.339 -
Gulvíðir	538		538 -
Ríbs	118		118 -
Alaskaösp	27		27 -
Heggur	2		2 -
Silfurreynir	2		2 -

Barrtré:	Garðplöntur	Skógarplöntur.	
Lerki	471	11.575	= 12.046 stk.
Sitkagreni	1.372	7.215	= 8.587 -
Rauðgreni	96	1.840	= 1.936 -
Svartgreni		1.000	= 1.000 -
Hvítgreni	18	2.000	= 2.018 -
Blágfeni		1.000	= 1.000 -
Skógarfura	340	15.260	= 15.600 -
Alls:	34.823	76.390	= 111.213 -

Áburður, svörður og sandur borinn í græðireitinn:

1. Tilbúinn áburður:

Köfnunarefnisáburður	700 kg.
Fosforsýruáburður	550 -
Kalíáburður	350 -k
Alls:	1600 kg.

2. Búfjáráburður:

Sauðatað	5 tonn
Kúamýkja	12 -
Alls:	17 tonn.

3. Svörður(mór)

75 tonn af ópurrrkuðum sverði.

4. Sandur

60 tonn (20 bílhöss)

Gróbursetningar og söluhafar plöntur í græðireitnum til afhendingar vorið 1953:

Lauftré: Bitki	2/2	20.000 plöntur.	
- do	2/1	10.000	-
- do	2/0	30.000	-
- do	3/0	22.000	= 83.000 stk.
- Reyhir	2/2		4.000 -
- Þíngvíðir	2/0	1.000	
- do	1/0	7.000	= 8.000 -
- Gulvíðir	1/0		= 2.000 -
- Alaskaösp			3.000 -
			96.500 stk.

Barrtré: Lerki

2/2 Irkutsk 25.000

- do 2/1 Hakaskoja 13.000

= 38.000 stk.

- Rauðgreni 2/2

37.000 -

Barrtré: Sitkagreni	3/3	5.000	
- do	2/2	6.000	= 11.000 stk.
- Skógarfura	3/0	35.000	
- do	2/2	3.000	= 38.000 -
<u>Alls:</u>			<u>220.500 stk.</u>

Vafasamt er hvort ofangreind plöntutala er hæfilega áætluð með tilliti til þess að rauðgrænið er yfirleitt smátt og betra væri að það fengi að standa í eitt ár til.

Vöxtur og þrif í græðireitnum:

Sam að líkum lætur kom það niður á plöntunum hve sumaríð var óvenju kalt. Þurrkarnir í semar munu og hafa dregið úr óblílegum vexti. Eins og getið var um í veðurskýrslunni var sumarhitinn aðeins 7.9 gráður C. Mun það vera rúmum þremur gráðum lægra en mælst hefur í bestu samrum frá því hitamælingar byrjuðu hér.

Veðurskýrslurnar hér ná svo stutt aftur í tímann, að viðsa er eigi um meðalhitann hér á Hallormsstað, en þó allar líkur til að s.l. sumar sé 1.5-1.8 gráður undir meðallagi.

Björk á 2/2 óx miklu minna en venjulega. Hinsvegar var vöxtur í birki-fræbeðunum góður. Reyniviður 2/2 og 2/1 óx furðu vel. Barrplöntur uxu verr en vant er. Sumar reyniplönturnar náðu 75-100 cm hæð.

Í dreyfplöntubeðunum frá vorinu varð vöxturinn ríf.

Í sáðbeðum, bæði frá í fyrra og í ár, var minni framför en vant er. Skógarfura og lerki uxu þó betar en aðrar barrtrjátegundir. Birki í fræbeðum frá vorinu náði fullum þroska. Birki-fræbeð frá fyrra spruttu hinsvegar mjög vel. Skógarfura 3/0 er allgóð 10-20 cm á hæð.

Lerkiplönturnar 2/2 eru margar mjög góðar, semar 40-50 cm á hæð. Spírun fræsins er sáð var í vor varð allgóð nema á setkagreni. Reyniviður sáðaði ekki og er óvíst um orsakir þess, en vanta að hann komi upp í vor kemur.

Skemmdir eftir veturinn voru litlar. Reyniplöntur þó dálítið. Eins bar á kali í sitkagrenifræbeðum. Þrátt fyrir hina látlausu kulda eftir 20 maí og fram í júní, varð engin skemmd á barrplöntum. Má þakka það skjólinu hér.

Byggingar:

Lokið er viðgerð þá norður-stafni íbúðarhússins, og lagfæringu á skúrbyggingunni við austurhlíðina, svo og settar þakrennur á húsið. Ennfremur var þakið málað. Aðrar minni lagfæringar voru gerðar t.d. á gluggum. Innangúss fór fram lagfæring á hveim herbergjum, svo og smærri viðgerðir á eldhúsi og búri.

Geymsluskemma norðar við húsið var gerð upp og flutt nær íbúðarhúsinu. Milli hennar og hússins var mjög þykkur torf og grjóttveggur. Veggirnir að skemmuni voru rifnir, en þeir voru úr torfi og grjóti og grjót og mold flutt brott eða jafnað norður frá skemmuni. Grind skemmunar var klædd utan með asbestplötum og sumpart með járnplötum. Steyptur var grunnur undir skemmuna og þak hennar málað.

Verkamannabústaður. Ráðist var í að hefja byggingu verkamannaskýlis. Fé til þess var allt tekið að láni til bráðabyrgða.

Stærð hússins er 93 m^2 grunnflötur, vegg hæð 2.5 m og rishæð. Rúmmál byggingarinnar er ca. 308 m^3 .

Grunnur var steyptur og veggir hlaðnir úr r-steinum, bæði útveggir og skilveggir. Þak er timbur- og pappaklætt undir asbestplötum. Húsið rúmar 14 manns auk ráðsmanns og ráðskonu. 7 herbergi eru á vegg hæðinni auk ganga, snyrtiherbergis og búrkompú. Á rishæðinni mætti koma fyrir tveim góðum herbergjum og mundi þá pláss vera fyrir 20 manns auk ráðsmanns og ráðskonu.

Húsið er fullgert utan nema eftir er að mála. Innanhúss er búið að útbúa stæsta herbergið, nema eftir er að mála og dúkleggja.

Ferðalög: Seint í febrúar og fyrstu daga marz mánaðar fór ég til Reykjavíkur og sat þar fund skógræktarmanna, en skógræktarstjóri hafði hvatt skógarverði þangað til skrafs og ráðagerða. Dvaldi ég í Reykjavík nokkra daga eftir fundinn og kom heim um 20. marz. Í ágúst mánuði fór ég að Gestsstöðum í Fáskrúðsfirði til þess að leiðbeina bændum þar um niðursetningu girðingar um asparsvæðið í kjarrinu á Gestsstöðum. Vei ég ekki annað en að girðingin hafi komist upp í haust, því að efni var komið á staðinn, og bændur lofðu að framkvæma verkið í haust leið.

Hallormsstað 15/1 1953

Guttormur Pálsson.